

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

Við 21. gr. staflíð a) bætist eftirfarandi setning. Árið 1985 skal fjárhæð láns vegna náms á Íslandi fylgja þróun meðaltals ráðstöfunartekna skv. útreikningi Þjóðhagsstofnunar frá 1. janúar til 31. desember 1985.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. desember 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

20. desember 1984

BÆJANÖFN O. FL.

Nr. 501

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum og nafnbreytingum á árinu 1984:

Hafnarfjörður:

Hraunborg á loðdýrabúi í landi Óttarsstaða, Hafnarfirði.

Kjósarsýsla:

Árvellir á smábýli í landi Skrauthóla, Kjalarneshreppi.

Enni á smábýli (loðdýrabúi) í landi Móa, Kjalarneshreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Tunguhlíð á garðyrkjubýli í landi Deildartungu I, Reykholtisdalshreppi.

Dalasýsla:

Magnússkógar II á nýbýli í landi Magnússkóga, Hvammshreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Ytri-Brekkur II á nýbýli í landi Ytri-Brekkna — Akrahreppi.

Lautarhús I á þjónustubýli í landi Hóla, Hólahreppi.

Lautarhús II á þjónustubýli í landi Hóla, Hólahreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Eyrarvík á iðnaðarbýli í landi Dagverðareyrar, Glæsibæjarhreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Hellur á þjónustubýli í landi Sílalækjar, Aðaldælahreppi.

Norður-Þingeyjarsýsla:

Ártunga á fiskræktarbýli í landi Krossdals og Árdals í Kelduneshreppi.

Suður-Múlasýsla:

Vattarnes á sameinuðum jörðunum Vattarnesi I–VIII, Fáskrúðsfjarðarhreppi.

Austur-Skaftafellssýsla:

Baldurshagi. Nafnið fellt niður og jörðinni skipt milli Borgar og Nýpugarða í Mýrahreppi.

Vestur-Skaftafellssýsla:

Hemrumörk á skógræktarbýli í landi Hemru, Skaftártunguhreppi.

Rangárvallasýsla:

Breiðibakki á skógræktarbýli í landi Árbæjar, Holtahreppi.

Vatnahjáleiga í stað Syðri-Vatnahjáleiga, Austur-Landeyjahreppi.

Jafnframt var nafnið Syðri-Vatnahjáleiga fellt niður.

Árnessýsla:

Kvistholt á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Eyjarland á fiskræktarbýli í landi Úteyjar II, Laugardalshreppi.

Lækjarteigur á smábýli (iðnaðarbýli) í landi Kjarrs, Ölfushreppi.

Árlundur á smábýli í landi Tungu, Gaulverjabæjarhreppi.

Laugarströnd á garðyrkjubýli í landi Laugarvatns, Laugardalshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 20. desember 1984.

F. h. r.

Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

1. gr.

Í stað „10. janúar“ í 9. gr. komi: 12. janúar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berkla sjúklinga, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.